

Ed.

142. Frumvarp til laga

[93. mál]

um breyting á lögum nr. 94/1976 um skráningu og mat fasteigna.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

1. gr.

6. grein laganna orðist svo:

Gerð og viðhald þeirrar skráningar, sem um ræðir í lögum þessum, annast sérstök ríkisstofnun sem nefnist Fasteignamat ríkisins. Stofnunin starfar á ábyrgð fjármálaráðuneytisins og undir umsjón þess. Fasteignamat ríkisins er A-hluta stofnun skv. lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga.

Ráðherra hefur heimild til að fela öðrum opinberum aðilum, þ. m. t. einstökum sveitarfélögum eða samstarfsstofnunum þeirra, skráningu fasteigna skv. lögum þessum, eða einstaka þætti hennar, ef slík breyting þykir hagkvæm.

Þrátt fyrir ákvæði 19. greinar er ráðherra heimilt að fela einstökum sveitarfélögum eða samstarfsstofnunum þeirra að annast tiltekin störf til undirbúnings að mati fasteigna skv. IV. kafla laga þessara. Í því tilviki skal gætt ákvæða 9. greinar laga þessara, eftir því sem við getur átt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 94/1976 var gerð grundvallarbreyting á mati og skráningu fasteigna frá því sem áður var. Meginbreyting þeirra laga var sú að hverfa frá eldra fyrirkomulagi, sem byggði á því að framkvæma aðalmat allra fasteigna á landinu á vissu árabili, en þess á milli voru nýjar eignir metnar miðað við það verðlag, sem ríkt hafði, er síðasta aðalmat fór fram. Með þessum lögum var mat og skráning fasteigna gerð að samfelldri starfsemi, þannig að mat fasteigna skyldi á hverjum tíma vera sem næst gangverði viðkomandi fasteignar miðað við staðgreiðslu. Jafnframt var lögð stóraukin áhersla á skráningu fasteigna, og í því skyni skyldi aflað verulegra upplýsinga um hverja einstaka fasteign. Þá var Fasteignamat ríkisins gert að sjálfstæðri ríkisstofnun með fastráðnu sérhæfðu starfslíði. Millimatsmenn í einstökum sveitarfélögum voru leystir frá störfum. Í framhaldi af lagasetningu þessari setti fjármálaráðherra reglugerð nr. 406/1978 um framkvæmd þessara laga.

Í þriðja kafla nefndra laga er sú skylda lögð á sveitarstjórnir, að afla Fasteignamati ríkisins upplýsinga um fasteignir innan umdæmis viðkomandi sveitarfélags. Í 6. gr. laganna er heimild til þess að fela sveitarfélögum eða öðrum opinberum aðilum að annast skráningu fasteigna. Ákveðin tilhneiging hefur verið í þá átt s. l. 2—3 ár, að skráning fasteigna yrði flutt meira yfir á herðar sveitarfélaganna, og hafa velflest stærri sveitarfélögin sýnt áhuga á að taka á sig fleiri þætti skráningarstarfsins. Heimildar til að fela sveitarfélögum eða öðrum aðilum alfarið skráningu fasteigna hefur þó ekki verið neytt ennþá, enda þyrfti það allnokkurn aðdraganda og aðlögun.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að lögfest verði heimild til að fela sveitarfélögum að vinna að sjálfu mati fasteigna, og er það meginbreytingin sem lagt er til með frumvarpi þessu. Breyting þessi ætti að verða til hags fyrir Fasteignamat ríkisins og sveitarfélögin í landinu. Ljóst er að endurmat allra fasteigna í landinu er a. m. k. 10 ára verkefni, en slíkt endurmat er afar brýnt, m. a. vegna þess hve verulegs mismæmis gætir í aðalmatinu, sem framkvæmt var á árunum 1965—1970. Slík samvinna Fasteignamats ríkisins og sveitarfélaganna gæti hraðað mjög þessu verkefni, en mikilvægi þess fyrir sveitarfélögin er augljós, þegar haft er í huga vægi fasteignagjalda í tekjuöflun þeirra.

Áhersla skal lögð á, að ekki er með þessu lagt til, að sveitarfélögum sé falin hin endanlega matsstarfsemi, þannig að þau hafi ákvörðunarvald um matsverð fasteigna, hvert innan sinna marka. Með samþykkt þessa frumvarps yrði ekki horfið frá því að fasteignamat í landinu sé samræmt heildarmat á vegum eins opinbers aðila, þ. e. Fasteignamats ríkisins. Tilgangurinn er fyrst og fremst sá að ná fram greiðara mati og endurskoðun mats heldur en kleift er með þeim mannafla og aðstöðu, sem Fasteignamat ríkisins hefur yfir að ráða. Nokkur sveitarfélög hafa sýnt áhuga á því að geta sinnt matsstörfunum að einhverju marki. Með flutningi frumvarps þessa er komið til móts við þær óskir.